

Óverðtryggð skuldabréf

Landsbanki Private Equity 1 Sjóðasjóður

Skráningarlýsing

Flokkur	Nafnverð
LPE1 A	1.000.000.000,-
LPE1 B	1.000.000.000,-
LPE1 C	2.000.000.000,-
LPE1 D	1.500.000.000,-

Landsvaki hf. sér um rekstur sjóðsins.

Efnisyfirlit

1	Yfirlýsingar	3
1.1	Yfirlýsing útgefanda.....	3
1.2	Yfirlýsing umsjónaraðila.....	3
1.3	Yfirlýsing endurskoðenda.....	3
2	Tilkynning til fjárfesta	4
3	Um útgáfu skuldabréfanna	5
3.1	Útgefandi.....	5
3.2	Endurskoðandi.....	5
3.3	Sampykki útgáfu.....	5
3.4	Tilgangur útgáfu og starfsemi LPE1.....	5
4	Um skráningu skuldabréfanna	6
4.1	Tilgangur skráningar.....	6
4.2	Umsjón með skráningu.....	6
4.3	Skráning.....	6
5	Um skuldabréfin	7
5.1	Nafnverð og lánstími.....	7
5.2	Verðtrygging.....	7
5.3	Hlunnindi.....	7
5.4	Greiðsluskilmálar.....	7
5.5	Nánar um skilmála skuldabréfanna.....	8
5.6	Forgangs- og víkjandi skuldabréf.....	8
5.7	Eining skuldabréfanna.....	9
5.8	Viðskiptavakt.....	9
5.9	Sölugengi.....	9
5.10	Kostnaður og hreint fjárstreymi.....	9
5.11	Tilgangur sölu skuldabréfanna.....	9
5.12	Umsjónaraðili með sölu.....	9
5.13	Fyrirkomulag sölu og sölutímabil.....	9
5.14	Tryggingar og réttindi.....	9
5.15	Fyrningarákvæði.....	10
5.16	Greiðslustaður.....	10
5.17	Viðtökudráttur og vanskil.....	10
5.18	Framsal og framsalstilkynning.....	10
5.19	Skattamál og stimpilskylda.....	10
5.20	Meðferð ágreinings.....	10
5.21	Upplýsingar og gögn.....	10
6	Helstu eignir	11
7	Áhætta	12
7.1	Almennt.....	12
7.2	Skuldsetning fagfjárfestastjóðsins LPE1.....	12
7.3	Vanskilaáhætta.....	12
7.4	Útlánaáhætta.....	12
7.5	Gjaldmiðlaáhætta.....	12
7.6	Ábyrgð á greiðslu skuldabréfa stjóðsins.....	13
7.7	Aðrir áhættuþættir.....	13
8	Um Landsbanki Private Equity 1	14
8.1	Útgefandi.....	14
8.2	Rekstrarfélagið.....	15
8.3	Vörslufyrirtæki.....	16
8.4	Upplýsingaskylda.....	16
8.5	Sampykki skuldabréfaútgáfu.....	16
8.6	Stofnun fagfjárfestastjóðsins LPE1.....	16
8.7	Almennt.....	16
8.8	Viðskiptabanki stjóðsins.....	17
8.9	Málaferli.....	17
9	Ársreikningur Landsbanka Private Equity 1	18
10	Viðauki	19
10.1	Reglur fagfjárfestastjóðsins LPE1.....	19
10.2	Ársreikningur Landsbanka Private Equity 1.....	23


1 Yfirlýsingar

1.1 Yfirlýsing útgefanda

Stjórn Landsvaka hf. kt. 700594-2549, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, Landsbanka Private Equity 1 samkvæmt því sem lög og reglur sjóðsins ákveða, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu skuldabréfa Landsbanka Private Equity 1 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll og bráðabirgðaaðkvæði í reglugerð nr. 242/2006, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 milljónum króna eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

Reykjavík, 13. júní 2006
Fh. stjórnar Landsvaka hf.




Stefán Héðinn Stefánsson, kt. 261271-5679
stjórnarformaður

1.2 Yfirlýsing umsjónaraðila

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanki Íslands hf. kt. 540291-2259, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar þessarar var aflað þeirra gagna sem að mati fyrirtækjaráðgjafar Landsbanka Íslands hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af útgefandanum og verðbréfum hans og að mati fyrirtækjaráðgjafar Landsbanka Íslands hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll

Reykjavík 13. júní 2006




Bjarni Þórður Bjarnason, kt. 110469-5869
Forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbanka Íslands hf.


1.3 Yfirlýsing endurskoðenda

Undirritaðir, löggiltir endurskoðendur Landsbanka Private Equity 1, höfum endurskoðað og áritað án fyrirvara ársreikning 2005. Undirritaðir staðfesta jafnframt að aðrar upplýsingar í skráningarlýsingu þessari sem varða reikningskil sjóðsins eru í samræmi við ofangreind reikningskil.

Reykjavík, 13. júní 2006



Hjalti Schiöth,
kt. 141261-4289



Jón Sigurðsson
kt. 100168-3609

2 Tilkynning til fjárfesta

Skráningarlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum skv. 4, grein viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999, um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll og bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 242/2006, sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í skuldabréfum Landsbanka Private Equity 1, kt. 680405-9720 sem rekinn er af Landsvaka hf. og í samræmi við reglur fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands frá 1. janúar 2004.

Landsvaki hf. hefur í samstarfi við Landsbanka Íslands hf. samið skráningarlýsingu þessa. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér sérstaklega kaflann um áhættu í skráningarlýsingu þessari.

3 Um útgáfu skuldabréfanna

3.1 Útgefandi

Landsbanki Private Equity 1 (LPE1, eða sjóðurinn), kt. 680405-9720, Hafnarstræti 5 155 Reykjavík, er útgefandi skuldabréfanna. LPE1 er fagfjárfestastjóður sbr. 4. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., kt. 700594-2549, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, sími 410 4000, bréfsími 410 3001. Landsvaki hf. hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr.161/2002. Framkvæmdastjóri Landsvaka hf. er Sigurður Óli Hákonarson, kt. 021075-3619.

3.2 Endurskoðandi

Endurskoðandi sjóðsins. er PricewaterhouseCoopers hf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Fyrir hönd PricewaterhouseCoopers fara Jón Sigurðsson, kt. 190168-3609, og Hjalti Schiöth, kt. 141261-4289, með endurskoðun sjóðsins.

3.3 Samþykki útgáfu

Stjórn Landsvaka hf. samþykkti þann 30. júní 2005 að framkvæmdastjóri félagsins gefi út skuldabréf f.h. LPE1 fyrir allt að kr. 5.500.000.000,-. Alls hafa bréf að nafnvirði kr. 1.180.000.000,- verið gefin út og kemur heildar útgáfa einstakra flokka fram í grein 5.1.

3.4 Tilgangur útgáfu og starfsemi LPE1

LPE1 er sjóðasjóður sem starfar í einni deild og gefur út hlutdeildarskírteini og skuldabréf, sbr. 12 grein reglna sjóðsins, til að fjármagna fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. 4.grein reglna sjóðsins. Tilgangur LPE1 er að ávaxta eignir sjóðsins með því að fjárfesta í sjóðum sem fjárfesta í óskráðum félögum (Private Equity funds) í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Önnur starfsemi fer ekki fram í sjóðnum. LPE1 er lokaður og ekki verða gefin út fleiri hlutdeildarskírteini. LPE1 hefur heimild til að ráðstafa lausum fjármunum sjóðsins til fjárfestinga í íslenskum skuldabréfasjóðum og mun fjárfesta í íslenskum peningamarkaðssjóðum og/eða skammtíma skuldabréfasjóðum eins og þörf er á með það að markmiði að ávaxta laust fé sjóðsins sem best.

4 Um skráningu skuldabréfanna

4.1 Tilgangur skráningar

Tilgangur skráningar er að veita fjárfestum bestu fánlegar upplýsingar um starfsemi LPE1 sem er rekinn af Landsvaka hf. og fjárhagsstöðu hans jafnframt því að færa starfshætti og upplýsingagjöf LPE1 undir reglur Kauphallar Íslands hf. eins og þær eru á hverjum tíma. Útgefin skuldabréf fjármagna að mestu leyti fjárfestingar LPE1 og meginmarkmið skráningarinnar er að auka markaðshæfi útgefnu skuldabréfanna.

4.2 Umsjón með skráningu

Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

4.3 Skráning

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka neðangreinda flokka skuldabréfa á skrá enda verða öll skilyrði skráningar uppfyllt. Skuldabréfin, að upphæð kr. 1.180.000.000,- að nafnverði, verða skráð þann 19. júní 2006 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Stærð einstakra flokka er eins og fram kemur í grein 5.1. Auðkenni bréfanna eru:

Flokkur	ISIN-númer
LPE1 A	IS0000012896
LPE1 B	IS0000012946
LPE1 C	IS0000012938
LPE1 D	IS0000012920

Framkvæmdastjór i Landsvaka hf. hefur heimild til þess að auka skuldabréfaútgáfu sjóðsins þannig að heildarupphæð útgefinna skuldabréfa nemi allt að kr. 5.500.000.000,- að nafnverði, sbr. grein 3.3 og skiptist þessi upphæð milli útgefinna flokka eins og fram kemur í grein 5.1.

5 Um skuldabréfin

5.1 Nafnverð og lánstími

Óskað er eftir skráningu á skuldabréfum LPE1 í neðangreindum flokkum:

Flokkur	Nafnverð í milljónum kr. allt að	Útgefið við skráningu í milljónum kr.	Fjöldi útgefna eininga	Gjalddagi	Uppgreiðsluheimild	Tegund	Ógreitt þegar uppgreiðsluheimild verður virk
LPE1 A	1.000	280	56	1. jún. 2012	1. jún. 2007	Innköllun	100%
LPE1 B	1.000	280	56	1. jún. 2013	1. jún. 2008	Innköllun	100%
LPE1 C	2.000	370	74	1. jún. 2014	1. jún. 2009	Innköllun	100%
LPE1 D	1.500	250	50	1. jún. 2014	1. jún. 2009	Innköllun	100%

Með gjalddaga er átt við dagsetningu afborgunar og vaxta af viðkomandi skuldabréfi samkvæmt skilmálum þess, en með uppgreiðsluheimild er átt við fyrstu mögulega dagsetningu þar sem útgefanda er heimilt að greiða skuldabréf í viðkomandi skuldabréfaflokki, sbr. nánar í grein 5.5.

Tegundir uppgreiðsluheimilda eru eftirfarandi:

- Innköllun: Skuldara er heimilt, en ekki skylt, að greiða skuldabréfið upp án sérstaks uppgreiðslugjalds, þó fyrst þegar uppgreiðsluheimild viðkomandi flokks verður virk. Ef heimild þessi er nýtt ber að innkalla viðkomandi flokk í heild sinni með minnst 2 mánaða fyrirvara.

5.2 Verðtrygging

Skuldabréfin eru óverðtryggð.

5.3 Hlunnindi

Skuldabréfaflokkar njóta forgangs í þeirri röð sem lýst er í grein 5.6. Forkaupsréttur fylgir ekki skuldabréfunum.

5.4 Greiðsluskilmálar

Vextir af bréfunum reiknast frá útgáfudegi þeirra.

Flokkur	Útgáfudagur	Vextir	Greiðsluskilmálar	Innlausnarverð á lokagjalddaga m.v. nafnvexti
LPE1 A	30. júní 2005	9,42%	Eingreiðsla (e. bullet)	1.864.350.295
LPE1 B	30. júní 2005	9,36%	Eingreiðsla (e. bullet)	2.030.688.891
LPE1 C	30. júní 2005	9,29%	Eingreiðsla (e. bullet)	4.417.549.305
LPE1 D	30. júní 2005	9,44%	Eingreiðsla (e. bullet)	3.353.668.774

*Sjá skilmála bréfs

Bréfin bera vexti eins og sýnt er í töflunni hér að framan. Vextir bætast við höfuðstól bréfanna einu sinni á ári, í fyrsta sinn þann 1. júní 2006, en höfuðstóll bréfanna, að viðbættum uppsöfnuðum vöxtum, er endurgreiddur í einu lagi á lokagjaldaga eða við uppgreiðslu (kúlubréf).

Kaupendum skuldabréfanna ber að staðgreiða þau.

5.5 Nánar um skilmála skuldabréfanna

LPE1 A	Vaxtaberandi eingreiðslubréf með innköllunarheimild. Lengd hvers vaxtatímabils er eitt ár og leggjast vextir við höfuðstól í lok hvers vaxtatímabils, fyrst 1. júní 2006.
<i>Lokagjalddagi</i>	Lokagjalddagi er 1. júní 2012, sbr. þó innköllunarheimild.
<i>Innköllumun</i>	Skuldara er heimilt, en ekki skylt, að greiða skuldabréfið upp, þó fyrst 1. júní 2007, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Ef innköllunarákvæði samkvæmt bréfi þessu er nýtt ber að innkalla flokkinn í heild sinni. Verði bréfin innkölluð reiknast vextir ekki frá og með innköllunardegi.
LPE1 B	Vaxtaberandi eingreiðslubréf með innköllunarheimild. Lengd hvers vaxtatímabils er eitt ár og leggjast vextir við höfuðstól í lok hvers vaxtatímabils, fyrst 1. júní 2006.
<i>Lokagjalddagi</i>	Lokagjalddagi er 1. júní 2013, sbr. þó innköllunarheimild.
<i>Innköllumun</i>	Skuldara er heimilt, en ekki skylt, að greiða skuldabréfið upp, þó fyrst 1. júní 2008, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Ef innköllunarákvæði samkvæmt bréfi þessu er nýtt ber að innkalla flokkinn í heild sinni. Verði bréfin innkölluð reiknast vextir ekki frá og með innköllunardegi.
LPE1 C	Vaxtaberandi eingreiðslubréf með innköllunarheimild. Lengd hvers vaxtatímabils er eitt ár og leggjast vextir við höfuðstól í lok hvers vaxtatímabils, fyrst 1. júní 2006.
<i>Lokagjalddagi</i>	Lokagjalddagi er 1. júní 2014, sbr. þó innköllunarheimild.
<i>Innköllumun</i>	Skuldara er heimilt, en ekki skylt, að greiða skuldabréfið upp, þó fyrst 1. júní 2009, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Ef innköllunarákvæði samkvæmt bréfi þessu er nýtt ber að innkalla flokkinn í heild sinni. Verði bréfin innkölluð reiknast vextir ekki frá og með innköllunardegi.
LPE1 D	Vaxtaberandi eingreiðslubréf með innköllunarheimild. Lengd hvers vaxtatímabils er eitt ár og leggjast vextir við höfuðstól í lok hvers vaxtatímabils, fyrst 1. júní 2006.
<i>Lokagjalddagi</i>	Lokagjalddagi er 1. júní 2014, sbr. þó innköllunarheimild.
<i>Innköllumun</i>	Skuldara er heimilt, en ekki skylt, að greiða skuldabréfið upp, þó fyrst 1. júní 2009, án sérstaks uppgreiðslugjalds. Ef innköllunarákvæði samkvæmt bréfi þessu er nýtt ber að innkalla flokkinn í heild sinni. Verði bréfin innkölluð reiknast vextir ekki frá og með innköllunardegi.

5.6 Forgangs- og víkjandi skuldabréf

Skuldabréf í flokki LPE1 A njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D fyrir en skuldabréf í flokki LPE1 A hafa verið greidd upp að fullu.

Skuldabréf í flokki LPE1 B njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 C og LPE1 D við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 C og LPE1 D fyrir en skuldabréf í flokkum LPE1 A og LPE1 B hafa verið greidd upp að fullu.

Skuldabréf í flokki LPE1 C njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 D við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 D fyrir en skuldabréf í flokkum LPE1 A, LPE1 B og LPE1 C hafa verið greidd upp að fullu.

LPE1 hefur að auki aflað fjármuna í formi áskriftarloforða þar sem fjárfestir skuldbindur sig um kaup á skuldabréfum LPE1 E og LPE1 EPN. Skuldabréf LPE1 E og LPE1 EPN eru útgefin bréf sem eru ígildi eiginfjár og eru sem slík aukin trygging fyrir endurgreiðslu skuldabréfa í flokkum LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D. Dregið verður af áskriftarloforðum þegar þörf krefur til að fjármagna fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins, eftir að fjárfest hefur verið fyrir andvirði seldra skuldabréfa í flokkum LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D. Skuldabréf í flokkum LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D njóta forgangs fyrir áskriftarloforðum. Ekki skal greiða til veittra áskriftarloforða fyrir en skuldabréf í flokkum LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D hafa verið greidd upp að fullu. Áskriftarloforð nema að lágmarki 45% af heildarfjármunum og áskriftarloforðum frá fjárfestum.

Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að afla fjármuna með lántöku í bönkum og sparisjóðum til greiðslu á framangreindum skuldabréfaflokkum áður en að gjalddaga þeirra kemur. Þetta á þó aðeins við ef uppgreiðsluheimild er til staðar í viðkomandi skuldabréfum.

5.7 Eining skuldabréfanna

Skuldabréfin eru gefin út í 5.000.000,- króna einingum. Hámarks fjöldi útgefinna eininga er eftirfarandi:

Flokkur	Hámarks fjöldi eininga	Heildarupphæð
LPE1 A	200	1.000.000.000,-
LPE1 B	200	1.000.000.000,-
LPE1 C	400	2.000.000.000,-
LPE1 D	300	1.500.000.000,-

5.8 Viðskiptavakt

Engin formleg viðskiptavakt er tengd útgáfu skuldabréfanna og voru þau ekki sölutryggð við útgáfu.

5.9 Sölugengi

Sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Fyrsti söludagur bréfanna var útgáfudagur þeirra, Ávöxtunarkrafa á fyrsta söludegi er nafnávöxtun og sölugengið er því 1,0. Upplýsingar um gengi skuldabréfanna á sölutímabilinu eru veittar hjá Landsbanka Íslands hf.

5.10 Kostnaður og hreint fjárstreymi

Landsvaki hf., fyrir hönd LPE1, greiðir allan kostnað við skráningu skuldabréfanna í Kauphöll Íslands. Kostnaður vegna skráningar í Kauphöll Íslands hf., greiðslu stimpilgjalda og útgáfu skráningarlýsingar nemur 7,5 milljónum króna. Hreint fjárstreymi til sjóðsins vegna útgáfu skuldabréfanna er því 1.172,5 milljónum króna. Annar kostnaður vegna skráningarinnar var óverulegur.

5.11 Tilgangur sölu skuldabréfanna

Að afla fjár til starfsemi Landsbanki Private Equity Fund 1.

5.12 Umsjónaraðili með sölu

Landsbanki Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

5.13 Fyrirkomulag sölu og sölutímabil

Sölutímabil fyrir skuldabréf A, B, C og Dhófst 30. júní 2005 og stendur yfir uns hámarks fjöldi eininga hefur verið seldur í hverjum flokki. Tryggt verður að ekki verði seldar fleiri einingar úr hverjum flokki en sem nemur seldum/skuldbundnum einingum eininga vikjandi flokka, í hlutfalli við stærð flokkanna. Sala og afhending fer fram gegn staðgreiðslu. Stærð einstakra flokka er eins og fram kemur í grein 5.1.

5.14 Tryggingar og réttindi

Landsvaki hf. ábyrgist að eignir LPE1 verða varðveittar í samræmi við reglur sjóðsins og þær nýttar til endurgreiðslu á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur gefið út og til greiðslu á rekstrarkostnaði sjóðsins. LPE1 ábyrgist þannig endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér 0 kafla sem fjallar um áhættu sjóðsins og mjög vel grein 7.5 sem fjallar um ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna og reglur LPE1. Sjá 6. kafla skráningarlýsingarinnar um helstu eignir LPE1. Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna.

5.15 Fyrningarákvæði

Kröfur samkvæmt öllum skuldabréfunum sem sótt er um skráningu með skráningarlýsingu þessari fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

5.16 Greiðslustaður

Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Landsbanka Íslands hf. kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

5.17 Viðtökudráttur og vanskil

Verði greiðslu ekki vitjað til Landsbanka Íslands hf. á réttum gjalddaga mun sjóðurinn hvorki greiða vexti, dráttarvexti né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði vanskil af greiðslum af skuldabréfi er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

5.18 Framsal og framsalstilkynning

Eingöngu er heimilt að framselja skuldabréfið til nafngreinds aðila. Við eigendaskipti að skuldabréfunum, skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið bréfanna og þar greindur framsalsdagur svo og nafn, kennitala og heimilisfang nýs eiganda. Sé röð framsala ábótavant, verða skuldabréfin ekki innleyst nema handhafi leiði sönnur að eignarheimild sinni. Engar frekari hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa.

5.19 Skattamál og stimpilskylda

Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 teljast bréfin til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefanda ber skylda til að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð skv. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nema eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Sjóðurinn ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir. Stimpilgjald af skuldabréfum þessum hefur verið greitt.

5.20 Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

5.21 Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing þessi og önnur gögn um LPE1 sem vísað er til í skráningarlýsingunni liggja frammi hjá Landsbanka Íslands hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

6 Helstu eignir

Fagfjárfestasjóðurinn Landsbanki Private Equity Fund 1 er sjóðasjóður sem hefur það markmið að fjárfesta í óskráðum eignum (*e. Private Equity Fund*). Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins ræðst af mismun á mati á raunverulegu virði eigna sjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna, og vöxtum skuldabréfa sem sjóðurinn hefur gefið út að frádregnum rekstrarkostnaði og hugsanlegum afskriftum.

Helstu eignir sjóðsins eru í hlutdeildarskírteinum í yfirtökusjóðum (*e. buyout funds*) sem sérhæfa sig í yfirtökum á meðalstórum (*e. mid-market, midcap*) fyrirtækjum. Helstu eignir eru eftirfarandi:

Sjóður	Hlutfall LPE1 í sjóðnum*
Astorg III	1,66%
Carlyle European Partners II	0,28%
Lion Capital Fund I	0,61%
FSN Capital II	3,97%
Reiten Capital Partners VI	4,41%
Carlyle Britax Partners	0,62%

*Skv. yfirliti viðkomandi sjóða eftir lokun þeirra

7 Áhætta

7.1 Almennt

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfesting í verðbréfasafni felur í sér áhættudreifingu og er almennt áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Óskráð skuldabréf eru almennt áhættumeiri en skráð skuldabréf. Upplýsingar um skuldara óskráðra skuldabréfa geta verið takmarkaðar og því getur fylgt áhætta samfara kaupum á slíkum verðbréfum.

Fagfjárfestastjóðurinn LPE1 fjárfestir nánast eingöngu í óskráðum Private Equity sjóðum og er því sjóðasjóður. Takmarkanir á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem fram koma í lögum nr. 30/2003 gilda ekki um fagfjárfestastjóði eins og LPE1. Áhætta getur fylgt fjárfestingu í skuldabréfum sjóðsins og fer áhættan eftir því í hvaða flokki skuldabréfa fjárfest er í. Mismunurinn getur verið mikill og fer eftir forgangsröð skuldabréfaflokkanna. Hlutdeildarskírteinin víkja fyrir réttindum allra skuldabréfaflokkanna en ekki er óskað eftir skráningu hlutdeildarskírteinanna í Kauphöll Íslands hf. eða á aðra verðbréfamarkaði. Greiðsluprotsáhætta sjóðsins er háð greiðslufæði af verðbréfum sem fagfjárfestastjóðurinn LPE1 fjárfestir í. Fjárfestar ættu að hafa í huga að fjárfesting í verðbréfum er jafnan hugsuð til langs tíma. Ávöxtun í fortíð er ekki endilega vísbending um hver ávöxtun verður í framtíðinni og sjóðir eru í eðli sínu með mismunandi grunnáhættu.

7.2 Skuldsetning fagfjárfestastjóðsins LPE1

Skuldir sjóðsins voru þann 31. desember 2005 annars vegar skuldabréf að nafnverði samtals kr. 1.005.000.000,- og svo hins vegar hlutdeildarskírteini að nafnverði kr. 5.475.000,-. Eiginfjárlutfall sjóðsins var því um 0% miðað við uppreiknaða stöðu á skuldum og eignum. Markaðsverð eigna sjóðsins að meðtöldum áskriftarloforðum þann 31. desember 2005 var kr. 2.646.707.000 og eiginfjárlutfall miðað við markaðsverð eigna og uppreiknaða stöðu á skuldabréfum útgefnum af sjóðnum var því 0%.

7.3 Vanskilaáhætta

Í umfjöllun um skuldabréf útgefin af fagfjárfestastjóðnum LPE1 er átt við að lán sé í vanskilum þegar skuldari stendur ekki við þá skilmála sem fram koma í umræddu skuldabréfi. Skuldari er því í vanskilum ef hann stendur ekki við greiðslu gjaldfallinna afborgana, vaxta, afborgunar höfuðstóls eða annan kostnað við innheimtu afborgana af viðkomandi skuldabréfi. Rýrnun á eignum LPE1 getur leitt til þess að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar (sbr. grein 7.5).

7.4 Útlánaáhætta

Eiginfjárlutfall fagfjárfestastjóðsins LPE1 var um 0% þann 31. desember 2005 m.v. uppreiknaða stöðu. Áhætta er nokkur vegna hugsanlegra afskrifta á eignum sjóðsins þar sem sjóðurinn fjárfestir nær eingöngu í áhættusömum eignum. Fjárfestar eru því hvattir til að kynna sér vel kaflann um helstu eignir sjóðsins og leggja sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af fagfjárfestastjóðnum LPE1.

7.5 Gjaldmiðlaáhætta

Sjóðurinn ber gjaldmiðlaáhættu þar sem fjárfestingar sjóðsins eru að langmestu leyti í erlendum gjaldmiðlum og breytast verðmæti erlendra eigna við breytingu á gengi gjaldmiðlanna. Sjóðurinn hefur heimild til að verja allar greiðslur í erlendum gjaldmiðlum með framvirkum gjaldmiðlaskiptasamningum.

7.6 Ábyrgð á greiðslu skuldabréfa sjóðsins

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum fagfjárfestastjóðsins LPE1 takmarkast við þær eignir sem sjóðurinn á hverju sinni. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjóðsins bera á engan hátt ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Kröfuhafar skuldabréfa eða hlutdeildarskírteina fagfjárfestastjóðsins LPE1 geta eingöngu beint kröfum sínum gegn fagfjárfestastjóðnum LPE1 og eignum sem tilheyra honum. Í bókhaldi rekstrarfélagsins er eignum fagfjárfestastjóðsins LPE1 haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess sbr. 2. gr. reglna sjóðsins. Fjárhagsleg staða rekstrarfélags sjóðsins, viðskiptabanka eða vörslufyrirtækis hefur ekki áhrif á hvort fagfjárfestastjóðurinn LPE1 getur staðið við skuldbindingar sínar. Áhættan af fjárfestingu í verðbréfum útgefnum af LPE1 hvílir alfarið á þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Um endurgreiðslu skuldabréfa útgefnum af fagfjárfestastjóðnum LPE1 gildir eftirfarandi:

1. Skuldari skuldabréfanna er fagfjárfestastjóðurinn LPE1 sem er fagfjárfestastjóður rekinn af Landsvaka hf. kt. 700594 -2549, og er sjóðurinn með sjálfstæðan fjárhag innan rekstrarfélagsins. Skuldari ber einn ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfum útgefnum af skuldara, eingöngu með eignum sem tilheyra skuldara hverju sinni. Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um stofnun sjóðsins þann 14. júní 2005.
2. Fagfjárfestastjóðurinn LPE1 er ekki sjálfstæður lögaðili skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Því kemur Landsvaki hf. fram fyrir hönd sjóðsins.
3. Skuldari skuldabréfanna er fagfjárfestastjóðurinn LPE1 sem er fagfjárfestastjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003, sem er rekinn af Landsvaka hf., sem er rekstrarfélag verðbréfasjóðs samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki skv. lögum 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Hver sjóður hefur aðgreindan fjárhag og starfar samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu og er hver sjóður aðgreindur sérstaklega í bókhaldi Landsvaka hf. þannig að fjármunum sjóðanna er haldið aðgreindum frá fjármunum Landsvaka hf. og aðgreindum frá fjármunum annarra sjóða sem félagið rekur. Hver sjóður hefur aðgreindan fjárhag og ber hver sjóður ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sem tilheyra hverjum sjóði. Fagfjárfestastjóðurinn LPE1 starfar eftir reglum sem stjórn Landsvaka hf. samþykkti þann 14. júní 2005 og vísast til þeirra um nánari afmörkun á starfsemi sjóðsins, og þá sérstaklega 2. gr. um ábyrgð á verðbréfum sjóðsins og 4. gr. um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Reglur fagfjárfestastjóðsins LPE1 má finna í viðauka við skráningarlýsingu þessa.
4. Landsvaki hf. er skaðlaus af útgáfu skuldabréfanna og ber ekki ábyrgð á greiðslu afborgana vaxta, höfuðstóls, innheimtukostnaðar eða hvaða greiðslum sem er vegna skuldabréfanna, hvorki að hluta til né í heild. Landsvaki hf. er hvorki skuldari né ábyrgðaraðili að skuldabréfunum.

7.7 Aðrir áhættuþættir

Hér að framan hefur verið vakin athygli á helstu áhættum sem áhrif geta haft á fjárfestingu í fjármálagerningum sem tengjast fagfjárfestingarsjóðnum LPE1. Því er ekki um tæmandi talningu að ræða og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér mjög vel allar þá áhættu sem kunna að hafa áhrif á fjárfestingu í verðbréfum sem tengjast sjóðnum.

8 Um Landsbanki Private Equity 1

8.1 Útgefandi

Landsbanki Private Equity 1 (sjóðurinn) er sjóðasjóður (*e. fund of funds*) sem fjárfestir fyrst og fremst í Private Equity sjóðum, þ.e. sjóðum sem fjárfesta í félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eða í skráðum félögum með það að markmiði að taka þau af markaði. Í fjórðu grein reglna sjóðsins segir að hann muni aðallega fjárfesta í sjóðum sem einbeita sér að kaupum á ráðandi hlut eða yfirtökum fyrirtækja í Evrópu. Áhersla muni vera á meðalstóra sjóði en sjóðurinn hafi heimild til fjárfestinga í öðrum sjóðum.

Sjóðurinn er byggður upp sem svokallaður Collateralized Fund Obligation (CFO) sem felur í sér að áhætta skuldabréfa þeirra sem sjóðurinn gefur út byggir á þeim sjóðum sem LPE 1 hefur fjárfest í en ekki í skuldabréfunum sjálfum.

Meðal annarra kosta sem fyrirkomulag sjóðsins býður upp á er að fjárfestar geta sjálfir valið áhættustig sinnar fjárfestingar, allt frá skuldabréfum sem jafngilda stuttum AAA skuldabréfum til skuldabréfa sem jafngilda skuldsettri eiginfjárstöðu. Fjárfestar geta ennfremur líkt eftir fjárstreymi sjóðsins með því að fjárfesta hlutfallslega jafnt í öllum skuldabréfaflokkunum.

Árangurstengd þóknun miðast við háa valávöxtun (*e. preferred return eða hurdle rate*), eða 11% ávöxtum til handahafa EPN bréfa eftir greiðslu á vöxtum og höfuðstól annarra skuldabréfaflokka sjóðsins.

Meðal óvissu- og áhættuþátta má nefna að fjárfestingar sjóðsins eru í óskráðum eignum sem geta verið illseljanlegar og geta valdið óstöðugu greiðsluflæði. Engar fastar venjur eru til um upplýsingagjöf Private Equity sjóða og því getur verið erfitt að fá nákvæma mynd af stöðu sjóðsins á hverjum tíma.

Ákveðin viðbótar áhætta er fyrir hendi á fyrstu starfsárum sjóðsins fyrir handhafa skuldabréfa í flokkum LPE1 A-D, þar sem kallað verður eftir skuldbindingum vegna kaupa á skuldabréfum í flokkum LPE1 E og LPE1 EPN einhverjum árum eftir að skuldabréf LPE1 A-D hafa verið gefin út.

Fjárfestum í LPE1 ber að standa að fullu við þær fjárskuldbindingar sem þeir veita sjóðsstjórum. Ábyrgð fjárfesta hvað varðar fjárskuldbindingar er óháð árangri í rekstri sjóðsins eða ávöxtun þess fjár sem fjárfestar hafa þegar lagt fram.

8.1.1 Eignasafn og fjárfestingarstefna

LPE1 er sjóðasjóður (*e. fund of funds*). Sjóðurinn mun skuldbinda fé til sjóða sem fjárfesta í óskráðum eignum (*e. Private Equity Funds*). Sjóðurinn mun aðallega fjárfesta í sjóðum sem einbeita sér að kaupum á ráðandi hlut eða yfirtökum fyrirtækja í Evrópu. Áhersla LPE1 er á meðalstóra sjóði en sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í öðrum sjóðum. Sjóðurinn mun að hámarki skuldbinda fé sem samsvarar seldum skuldabréfum útgefnum af sjóðnum, ásamt þeim skuldbindingum sem sjóðurinn hefur fengið um kaup á skuldabréfum útgefnum af sjóðnum. Upphæð þessi hefur afgerandi áhrif á framfylgni fjárfestingarstefnunnar.

Sjóðurinn verður skráður í ISK og hefur heimild til að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína að mestu eða öllu leyti með afleiðusamningum.

Fjárfestingarstefna:

Lágmarks fjöldi fjárfestinga:

Stærð LPE1*	Lágmarks fjöldi fjárfestinga
€50 til 75 milljónir	8
€75 til 100 milljónir	10
€100 til 150 milljónir	15

*Stærð við skuldbindingu

Tegund fjárfestinga:

Tegund fjárfestinga/sjóða	Prósenta í safni
Buy-out/development capital	70 til 100%
Secondary Interests*	0 til 20%
Generalist	0 til 10%

*Secondary Interests takmarkast við Buyout/development capital og generalist sjóði

Landsvæði og gjaldmiðlar fjárfestinga:

Landsvæði/gjaldmiðlar	Prósenta í safni
Pan-European sjóðir	20 til 50%
Heimamarkaðs sjóðir	50 til 80%
Aðallega evru fjárfestingar	80 til 100%
Aðallega aðrir gjaldmiðlar	0 til 20%

Hámarks skuldbinding í einstakan sjóð: €10 milljónir, eða að hámarki 15% af stærð viðkomandi sjóðs og að hámarki 20% af stærð LPE1.

Dreifing upphafsárs undirliggjandi Private Equity sjóða (*e. vintage year*): Að lágmarki dreift yfir fjögur ár, 2003 til 2006. Upphafsr Private Equity sjóðs er það ár sem viðkomandi sjóður gerir sína fyrst fjárfestingu. Hluti af fjárfestingarstefnu LPE1 er því að fjárfesta í sjóðum sem fjárfesta í fyrsta sinn á að minnsta kosti fjórum mismunandi árum.

8.2 Rekstrarfélagið

Landsvaki hf. var stofnaður þann 25. maí 1994. Félagið var rekið sem einkahlutafélag fram til maí 2003, en var þá breytt í hlutafélag í tengslum við umsókn félagsins um starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Hlutafé Landsvaka hf. nemur kr. 40.000.000,00.

Landsvaki hf. annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög nr. 30/2003, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðanna. Landsvaki hf. annast fjárfestingarákvarðanir sjóðsins.

Landsvaki hf. hefur gert samning við Landsbanka Íslands hf. um útvistun verkefna Landsvaka hf. vegna þeirra sjóða sem félagið annast rekstur á, í samræmi við 18. gr. laga nr. 30/2003. Í samræmi við það samkomulag annast Landsbanki Íslands hf. eftirtalin verkefni:

- Reikningshald og rekstur, þ.á m. uppgjör, skýrslugerð, bókhald, lögfræðipjónusta, mat eigna og útreikning innlausnarvirðis
- Sölu og markaðsmál, þ.á m. að annast alla þjónustu við viðskiptavinum
- Eftirlit – innra eftirlit og regluvarsla vegna verðbréfavíðskipta
- Frágangur viðskipta
- Annað, svo sem halda skrá yfir eigendur í sjóðum, annast útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteinishafa, uppgjör viðskipta og annast vörslu hlutdeildarskírteina og gagna vegna viðskipta.

Landsvaki hf. greiðir Landsbanka Íslands hf. þóknun fyrir störf sín samkvæmt samningnum sem nemur 75-80% af umsýslutekjum sjóða í rekstri Landsvaka hf. Þóknun þessi er endurskoðuð tvisvar á ári, í júní og desember ár hvert.

Auk reksturs 6 fjárfestingarsjóða hefur Landsvaki hf. með höndum rekstur 9 verðbréfasjóða og 2 fagfjárfestingsjóða Landsvaki hf. hefur jafnframt heimild til þess að sinna eignastýringu fyrir einstaklinga og lögaðila.

Landsvaki hf. sér um ávöxtun eigna fjárfestingarsjóðanna verðbréfasjóðanna og fagfjárfestingsjóðanna með kaupum og sölum á fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu og reglur hvers sjóðs. Þá skal Landsvaki hf. hafa eftirlit með störfum Landsbanka Íslands hf. vegna þeirra verkefna sem hafa verið útvistuð til bankans, sbr. framangreint.

8.3 Vörslufyrirtæki

Landsvaki hf. hefur gert vörslusamning við Landsbanka Íslands hf. um að bankinn annist umsjá og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóða í rekstri félagsins. Landsvaki hf. greiðir Landsbanka Íslands hf. árlega þóknun vegna kostnaðar sem fellur á bankann vegna starfa samkvæmt samningnum og nemur sú þóknun allt að 0,02% af stærð sjóða í rekstri Landsvaka hf.

Meginstarfsemi Landsbanka Íslands hf. er alhliða banka- og fjármálaþjónusta.

Hlutverk vörsluaðila skv. 20. gr. laga nr. 30/2003 er:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila.
2. Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila.
3. Framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila.
4. Tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka.
5. Tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, ber vörslufyrirtæki ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess samkvæmt lögnum.

8.4 Upplýsingaskylda

Landsvaki hf. rekstrarfélag sjóðsins mun birta árs- og hálfársuppgjör fagfjárfestingsjóðsins LPE1 í Kauphöll Íslands og eigendur skuldabréfa geta nálgast uppgjör sjóðsins á starfsstöð rekstrarfélagsins að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

8.5 Samþykki skuldabréfaútgáfu

Stjórn Landsvaka hf. samþykkti þann 30. júní 2005 að framkvæmdastjóri félagsins gefi út skuldabréf fyrir hönd fagfjárfestingsjóðsins LPE1 fyrir allt að kr. 5.500.000.000.

8.6 Stofnun fagfjárfestingsjóðsins LPE1

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um stofnun sjóðsins þann 14. júní 2005. Kennitala fagfjárfestingsjóðsins Landsbanki Private Equity 1 er 680405-9720. Sjóðurinn var formlega stofnaður þann 11. maí 2005.

8.7 Almennt

Nafn sjóðsins er Landsbanki Private Equity 1 kt. 680405-9720. Heimilisfang er Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík. Sjóðurinn var stofnaður 11. maí 2005 og verður honum einungis slitið með ákvörðun stjórnar., sbr. 13. grein reglna um sjóðinn. Landsvaki hf. annast rekstur sjóðsins og starfar félagið eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með heimild í 4. gr. laga nr.

20/2003 stofnaði Landsvaki hf. fagfjárfestasjóðinn Landsbanki Private Equity 1. Í reglum sjóðsins er rekstrarformi sjóðsins lýst og fjárfestingarheimildir hans tilgreindar.

Fagfjárfestasjóðurinn LPE1 er rekinn í einni deild. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini og skuldaviðurkenningar til að fjármagna fjárfestingar sínar í samræmi við reglur sjóðsins.

8.8 Viðskiptabanki sjóðsins

Viðskiptabanki Landsvaka hf. er Landsbanki Íslands hf. Mun viðskiptabanki rekstarfélagsins annast greiðslur afborgana af skuldabréfum útgefnum af LPE1 af bankareikningum sjóðsins að því skilyrði uppfylltu að nægileg innistæða sé fyrir hendi á hverjum tíma. Landsbanki Íslands hf. og/eða Landsvaki hf. ábyrgjast ekki greiðslu á skuldabréfum fagfjárfestasjóðsins LPE1, sbr. grein 7.6.

8.9 Málaferli

Fagfjárfestasjóðurinn LPE1 á ekki í málaferlum eða útistöðum sem kynnu að hafa áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins. Engin óvenjuleg viðskipti eða lánaþyringreiðslur eiga sér stað milli LPE1 og rekstrarfélags sjóðsins, stjórnarmanna, starfsmanna eða endurskoðenda rekstrarfélags sjóðsins.

9 Ársreikningur Landsbanka Private Equity 1

Ársreikningur sjóðsins fyrir fyrsta rekstrarárið, 2005, má finna í viðauka 10.2 við skráningarlýsingu þessa. Tekið skal fram að allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.
Stofnfé sjóðsins er krónur 5.475.000.-

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir		2005
Fjárfestingar	5	
Hlutdeildarskirteini.....		457.886
Afleiðusamningar.....		42.275
Áskriftarloforð.....		1.635.000
<i>Fjárfestingar alls</i>		<u>2.135.160</u>
Aðrar eignir		
Handbært fé.....		472.872
Aðrar eignir.....		38.674
<i>Aðrar eignir alls</i>		<u>511.546</u>
Eignir alls		<u><u>2.646.707</u></u>
Skuldir		
Skuldabréfaútgáfa	4	2.590.941
Aðrar skuldir		
Aðrar skuldir.....		55.766
<i>Aðrar skuldir alls</i>		<u>55.766</u>
Skuldir alls		<u><u>2.646.707</u></u>

10 Viðauki

10.1 Reglur fagfjárfestisjódöns LPE1

1. grein.

Heiti og rekstrarfélag sjódöns

Landsbanki Private Equity Fund 1 (LPE1, sjóður) kt. 680405-9720 er fagfjárfestisjóður sbr. 4. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjódöns er Landsvaki hf. kt. 700594-2549 sem hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002. Landsvaki hf. er til heimilis að Hafnarstræti 5 í Reykjavík.

LPE 1 starfar sem óskiptur fagfjárfestisjóður sbr. 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og er hann eingöngu ætlaður fagfjárfestum.

2. grein.

Sjóðurinn starfar í einni deild og ábyrgð á verðbréfum sjódöns

Sjóðurinn er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjódöns fjármagnar hann með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga, sbr. 12. gr. reglna sjódöns.

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum fagfjárfestisjódöns LPE 1 er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjódöns bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjódöns. Kröfuhafar skuldabréfa eða hlutdeildarskírteina fagfjárfestisjódöns LPE 1 geta eingöngu beint kröfum sínum gegn fagfjárfestisjóðnum LPE 1 og eignum sem tilheyra honum. Í bókhaldi rekstrarfélagsins er eignum fagfjárfestisjódöns LPE 1 haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess.

3. grein.

Rekstur og hlutverk vörslufyrirtækis

Daglegur rekstur og framkvæmdastjórn sjódöns, skal vera í höndum Landsvaka hf.

Stjórn Landsvaka hf. gerir samning við Landsbanka Íslands hf. um vörslu og umsjá eigna sjódöns, hér eftir nefnt vörslufyrirtæki. Í samningnum skal kveðið á um skyldur vörslufyrirtækis og skulu m.a. koma fram þau háþörk sem vörslufyrirtæki er heimilt að áskilja sér í afgangi-, umslugsjöld o.fl.

Stjórn Landsvaka hf. hefur einnig heimild til þess að gera samning um útvistun hluta af verkefnum sjódöns til þriðja aðila. Stjórn Landsvaka hf. er þó aldrei heimilt að útvista öll verkefni sjódöns og ekki er heimilt að útvista fjárfestingarákvörðunum fyrir sjóðinn til vörslufyrirtækis né annars félags, fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni Landsvaka hf. og eigenda hlutdeildarskírteina eða útgefna skuldabréfa LPE 1.

Vörslusamningur og samningur um útvistun verkefna skulu vera aðgengilegir eigendum hlutdeildarskírteina sjódöns og skuldabréfa útgefnum af sjóðnum og liggja frammi á skrifstofu vörslufyrirtækis.

4. grein.

Fjárfestingarstefna sjódöns

LPE 1 er sjóðasjóður (*e. fund of funds*) sem fjárfestir í sjóðum sem fjárfesta í óskráðum eignum (*e. Private Equity Funds*). LPE 1 mun aðallega fjárfesta í sjóðum sem einbeita sér að kaupum á ráðandi hlut eða yfirtökum fyrirtækja í Evrópu. Áhersla LPE 1 skal vera á meðalstóra sjóði en sjóðurinn hefur heimild til fjárfestinga í öðrum sjóðum.

Sjóðurinn verður skráður í ISK og hefur heimild til að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína að mestu eða öllu leyti með afleiðusamningum.

5. grein.

Fjárfestingarráð

Allar fjárfestingar skulu bornar undir fjárfestingarráð, sem er sjóðstjórn til ráðgjafar við ákvörðun um fjárfestingar LPE 1. Fjárfestingarráðið verður skipað 4 fulltrúum stærstu eigenda skuldabréfaflokks LPE1 EPN sbr. 12. gr. reglna sjóðsins og 1 fulltrúa frá Landsvaka hf. Ef eigandi að skuldabréfaflokknum nýtir sér ekki rétt til setu í fjárfestingarráði færast sá réttur til þess eiganda sem næstur honum er að stærð. Aðrir eigendur skuldabréfaflokksins LPE1 EPN munu hafa áheyrnarrétt í fjárfestingarráði óski þeir eftir því. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun í fjárfestingarráði en fulltrúi frá Landsvaka hefur neitunarvald.

6. grein.

Hlutdeildarskírteini

Landsvaki hf. gefur út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Hlutdeildarskírteini skulu hljóða á nafn eða á safnreikning, sbr. ákvæði laga um verðbréfavíðskipti. Hlutdeildarskírteini sjóðsins er aðeins heimilt að selja til fagfjárfesta sbr. 7. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Stjórn Landsvaka hf. ákveður fjárhæð og/eða eindir einstakra hlutdeildarskírteina, form þeirra og efni, innan ramma þeirra lagaákvæða er um slík skírteini gilda á hverjum tíma. Allir sem eiga hlutdeild að LPE 1 eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánadrottins gagnvart sjóðnum.

Landsvaka hf. er, þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því.

Stjórn Landsvaka hf. er heimilt að taka ákvörðun um að gefa út hlutdeildarskírteini með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu.

Sjóðurinn er lokaður.

7. grein.

Aðilaskipti

Aðilaskipti að hlutdeildarskírteinum í LPE 1 eru óheimil, nema með samþykki Landsvaka hf. Þetta bann gildir þó ekki ef um er að ræða aðilaskipti á grundvelli arfs eða aðfarargerðar.

Glatist hlutdeildarskírteini á eigandinn rétt á að fá nýtt skírteini útgefið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi.

Landsvaki hf. heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í LPE 1. Beiðni um eigendaskipti hlutdeildarskírteina skal beina með skriflegum hætti til Landsvaka hf.

8. grein.

Innlausn hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru ekki innlausnarskyld að kröfu hlutdeildarskírteinishafa. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádragnum skuldum sjóðsins við innlausn, ógreiddum áföllnum umsýslu- og stjórnunarkostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Innlausn er háttáð skv. 12.gr.

9. grein.

Mat á eignum sjóðsins

Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla raunveruleg virði þeirra að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja hverju sinni um undirliggjandi eignir.

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

10. grein.

Þóknunir

Umsýsluþóknun Landsvaka hf. skal árlega vera 0,75% af meðalstöðu eigna skv. 9. gr. og þeim fjárfestingarskuldbindingum sem sjóðurinn hefur fengið skv. 12 gr. Þóknun skal greidd árlega.

Landsvaki hf. mun fá greidda upphafsþóknun frá sjóðnum sem nemur 0,25% af eignastöðu skv. 9. gr. og þeim fjárfestingarskuldbindingum sem sjóðurinn hefur fengið skv. 12 gr. Greiðslan verður í formi hlutdeildarskírteina í sjóðnum og kemur á móti stofnkostnaði sjóðsins.

11. grein.

Ársreikningar og árshlutauppgjör

Í ársreikningi og árshlutauppgjörum Landsvaka hf. skulu vera sérgreindar upplýsingar um LPE1.

Ársreikningur og hálfársuppgjör skulu vera aðgengileg á starfsstöð Landsvaka hf. endurgjaldslaust.

12. grein.

Fjármögnun og ráðstafanir

LPE1 mun fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins skv. 4. gr. og ákvarðanir Fjárfestingarráðs skv. 5. gr. mun sjóðurinn fjárfesta í óskráðum eignum (e. Private Equity Funds). Hlutdeildarskírteinishafar eru eigendur sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar allt að 99,75% með útgáfu og sölu skuldabréfa.

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfasjóðum og mun fjárfesta í íslenskum peningamarkaðssjóðum og/eða skammtíma skuldabréfasjóðum eins og þörf er á með það að markmiði að ávaxta laust fé sjóðsins sem best.

Greiðslum til sjóðsins skal ráðstafað í eftirfarandi röð:

1. Til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins.
2. Í samræmi við skilmála og forgangs röðun skuldabréfa LPE1 og annarra skuldbindinga ef fjármuna hefur verið aflað með lántöku í bönkum og sparisjóðum í samræmi við reglur sjóðsins.
3. Til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við skilmála þeirra. Þess skal þó gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins á að standa við skuldbindingar sínar.

Skuldabréf útgefin af sjóðnum skal skipt í 6 flokka skuldabréfa: LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C, LPE1 D, LPE1 E, LPE1 EPN með mismunandi réttindi.

Skuldabréf í flokki LPE1 A njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 B, LPE1 C, LPE1 D, LPE1 E og LPE1 EPN við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 B, LPE1 C, LPE1 D, LPE1 E og LPE1 EPN fyrr en skuldabréf í flokki LPE1 A hafa verið greidd upp að fullu.

Skuldabréf í flokki LPE1 B njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 C, LPE1 D, LPE1 E og LPE1 EPN við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 C, LPE1 D, LPE1 E og LPE1 EPN fyrr en skuldabréf í flokkum LPE1 A og LPE1 B hafa verið greidd upp að fullu.

Skuldabréf í flokki LPE1 C njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 D, LPE1 E og LPE1 EPN við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 D, LPE1 E og LPE1 EPN fyrr en skuldabréf í flokkum LPE1 A, LPE1 B og LPE1 C hafa verið greidd upp að fullu.

Skuldabréf í flokki LPE1 D njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokkum LPE1 E og LPE1 EPN við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokkum LPE1 E og LPE1 EPN fyrr en skuldabréf í flokkum LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C og LPE1 D hafa verið greidd upp að fullu.

Skuldabréf í flokki LPE1 E njóta forgangs fyrir skuldabréfum í flokki LPE1 EPN við greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Ekki skal greiða upp skuldabréf í flokki LPE1 EPN fyrr en skuldabréf í flokkum LPE1 A, LPE1 B, LPE1 C, LPE1 D og LPE1 E hafa verið greidd upp að fullu.

Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að afla fjármuna með lántöku í bönkum og sparisjóðum til greiðslu á framangreindum skuldabréfaflokkum áður en að gjalddaga þeirra kemur og í þeirri röð sem félagið telur henta hverju sinni en þetta á þó aðeins við ef uppgreiðsluheimild er til staðar í viðkomandi skuldabréfum.

Allir sem fá sjóðnum fé hvort heldur sem lánveitendur eða hlutdeildarskírteinishafar samþykkja framangreinda forgangs röðun komi til þess að sjóðnum verði slitið svo sem vegna greiðsluþrots.

13. grein.

Samruni og slit

Stjórn Landsvaka hf. tekur ákvörðun um slit og skipti á sjóðnum svo og um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við aðra sjóði og um sölu á öllum eignum hans. Slíkar ákvarðanir getur stjórnin tekið ef hún telur að það sé í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa og eigenda skuldabréfaflokka með tilliti til markaðsaðstæðna o.fl.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina um slit og/eða samruna sjóðsins. Tilkynningin skal innihalda skilmála samruna/slita og gildistöku þeirra breytinga. Í tilkynningunni skal gera skýra grein fyrir ástæðum breytinganna. Gefa skal hlutdeildarskírteinhöfum 3 vikna frest til þess að taka afstöðu til breytinganna og skulu þeir eiga rétt á að innleysa skírteini sín innan þess tíma.

Komi til slita sjóðsins skal Landsvaki hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa og eigenda skuldabréfaflokka í fyrirrúmi. Rekstrarfélaginu er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind) á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarfélaginu til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þess tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Landsbanka Íslands til vörslu í þágu þeirra sem hlut eiga.

14. grein.

Breytingar á reglum

Landsvaki hf. er rekstraraðili sjóðsins og annaðist undirbúning og stofnun sjóðsins eftir bestu vitund og í fullu samræmi við staðreyndir og hefur aflað þeirra gagna sem nauðsynleg voru til að útgáfa

fjármálagerninga og greiðsluflæði þeirra samkvæmt þeim og reglum sjóðsins gæfi rétta mynd af stöðu sjóðsins. Rekstrarfélagið telur að reglur sjóðsins gefi skýra mynd af framtíðar rekstri og efnahag sjóðsins og er engu mikilvægu atriði sleppt sem áhrif getur haft á mat á stöðu sjóðsins. Reglur sjóðsins, uppbygging sjóðsins, kynningarefni eða önnur skjöl sem gefin er út vegna sjóðsins má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út. Fjárfesting í fjármálagerningum sem gefnir eru út vegna sjóðsins eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig

Ákvörðun um breytingar á reglum þessum skal tekin af stjórn Landsvaka hf.

Óheimilt er að breyta 2., 3., 4., 5., 8., 9., 10., 12., 13., 14. gr. reglna sjóðsins, nema með samþykki allra eigenda skuldabréfaflokka sjóðsins.

Landsvaki hf. skal tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina og skuldabréfaflokka sjóðsins um hverja breytingu á reglum þessum.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Reykjavík, 14. júní 2005

Stjórn Landsvaka hf.

10.2 Ársreikningur Landsbanka Private Equity 1

Rekstrarreikningur ársins 2005

		2005
	Skýringar	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vextir, verðbætur, gengismunur og arður.....	3	(45.198)
Önnur vaxtagjöld.....		<u>0</u>
<i>Hreinar fjármunatekjur</i>		(45.198)
Rekstrargjöld		
Umsýslupóknun.....		13.927
Annar rekstrarkostnaður.....		<u>5.030</u>
<i>Rekstrargjöld alls</i>		18.957
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>(64.155)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir		2005
Fjárfestingar	5	
Hlutdeildarskírteini.....		457.886
Afleiðusamningar.....		42.275
Áskriftarloforð.....		1.635.000
<i>Fjárfestingar alls</i>		<u>2.135.160</u>
Aðrar eignir		
Handbært fé.....		472.872
Aðrar eignir.....		38.674
<i>Aðrar eignir alls</i>		<u>511.546</u>
Eignir alls		<u><u>2.646.707</u></u>
Skuldir		
Skuldabréfaútgáfa	4	2.590.941
Aðrar skuldir		
Aðrar skuldir.....		55.766
<i>Aðrar skuldir alls</i>		<u>55.766</u>
Skuldir alls		<u><u>2.646.707</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2005

	2005
Rekstrarhreyfingar	
Hreint veltufé frá rekstri:	
Hagnaður (tap) ársins	(64.155)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:	
Gengismunur	64.155
	<u>0</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:	
Skammtimakröfur	(38.674)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:	
Skammtimaskuldir	55.766
	<u>17.092</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	17.092
Fjárfestingahreyfingar	
Kaupverð verðbréfa	(2.135.160)
	<u>(2.135.160)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	
Skuldabréfaútgáfa	2.590.941
	<u>2.590.941</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	472.872
Handbært fé í byrjun ársins	0
Handbært fé í lok ársins	<u><u>472.872</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Sölupóknarir og afgreiðslugjöld eru færð meðal annarra vaxtagjalda.

Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna miðað við síðasta skráða kaupgengi ársins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.3 Umsýslupóknun

Landsbanki Private Equity 1 greiðir A-hluta Landsvaka hf. umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslupóknun og umsýslu. Umsýslupóknunin reiknast daglega sem 0,75% af hreinni eign sjóðsins. Við stofnun sjóðsins var greidd upphafspóknun kr. 5.475.000,-.

1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2006. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.5 Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í lok desember.

Afleiðusamningar eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar en samningar með neikvæða stöðu eru færðir til skuldar. Breyting á gangvirði slíkra samninga eru færð jafnóðum í rekstrarreikning.

1.6 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum að frádreginni skuld við lánastofnanir.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvislega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum. Sjóðsstjórar sjóðanna leitast við að lágmarka áhættuþætti með virkri stýringu afleiðusamninga þar sem það á við.

Skýringar

2005

3. Vextir, verðbætur, gengismunur og arður

Vaxtatekjur.....	15.465
Vextir af útgefnum skuldabréfum.....	(47.314)
Gengismunur af mynt.....	19.553
Gengismunur á verðbréfum.....	(32.903)
	<u>(45.198)</u>

4. Skuldabréfaútgáfa

LPE 1 A flokkur 2005.....	250.836
LPE 1 B flokkur 2005.....	250.833
LPE 1 C flokkur 2005.....	309.504
LPE 1 D flokkur 2005.....	203.448
LPE 1 E flokkur - óútgefin skuldabréf.....	545.000
LPE 1 EPN flokkur - óútgefin skuldabréf.....	1.090.000
Virðisaukning/minnkun EPN v/afkomu.....	(58.680)
	<u>2.590.941</u>

5. Fjárfestingar - Fagfjárfestasjóður

Meðfylgjandi er sundurliðun verðbréfaeignar Landsbanka Private Equity 1 og hlutfallsleg skipting í árslok 2005:

Verðbréfaeign:

	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir Útg. eða í ábyrgð þús. kr.	Hlutdeildar- skirteini þús. kr.	Hlutabréf þús. kr.	Annað þús. kr.	2005 Samtals þús. kr.
Landsbanki Private Equity 1					
Afleiður skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði	0	0	0	42.275	42.275
Peningamarkaðsskjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða	0	0	0	457.886	457.886
Aðrir fjármálagerningar	0	0	0	1.635.000	1.635.000
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2.135.160</u>	<u>2.135.160</u>

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar:

	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir Útg. eða í ábyrgð %	Hlutdeildar- skirteini %	Hlutabréf %	Annað %	2005 Samtals %
Landsbanki Private Equity 1					
Afleiður skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	2,0%
Peningamarkaðsskjöl utan skipulegra verðbréfamarkaða	0,0%	0,0%	0,0%	21,4%	21,4%
Aðrir fjármálagerningar	0,0%	0,0%	0,0%	76,6%	76,6%
	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Í lok desember 2005 er engin niðurfærsla í sjóðnum né engin vanskil á fjárfestingum í Landsbanka Private Equity 1.